

Reikningsskilaráð ríkisins

25. Fundur – 26. september 2018 kl. 09:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Margrét Björk Svavarsdóttir og Ólafur Hjálmarsson.
- Forföll: Anna Birgitta Geirfinnsdóttir boðaði forföll.
- Fulltrúar ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason og Ingi K.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Umræða um orðalag reikningsskilaráðs. Í drögum að fundargerð var ákvörðun ráðsins sett fram sem úrskurður en fundarmenn voru sammála um að nota frekar orðið *Ákvörðun* yfir niðurstöður ráðsins. Fundargerð 24. fundar samþykkt með nokkrum orðalagsbreytingum.

2. Ríkisreikningur 2017 - innleiðingaráætlun, reikningskil og skýringar.

Er verið að loka öllum liðum og í vikunni liggja fyrir drög að reikningi með skýringum. Gert er ráð fyrir að reikningurinn verði tilbúinn fljótlega í október.

Farið yfir innleiðingaráætlun sem send hafði verið á fundarmenn fyrir þennan fund. Styttri útgáfa verður birt í ríkisreikningi en ítarlegri útgáfa sem var til umfjöllunar verður birt á vef reikningsskilaráðs.

Minnisblað og excel-skjal bæði partur af innleiðingaráætlun.

Ákvörðun: Ítarleg innleiðingaráætlun reikningsskila ríkissjóðs árin 2017-2019 sem lögð var fyrir ráðið var samþykkt.

3. Önnur mál.

Ekki annað rætt og fundi slitið kl. 10:15.

Næsti fundur 3. október kl. 09:00.